

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 25. janúar 2019.

Mál nr. 402/2018:

Tryggingamiðstöðin hf.

(Hjörleifur B. Kvaran lögmaður,
Gunnar Egill Egilsson lögmaður, 4. prófmál)

gegn

A

(Bryndís Guðmundsdóttir lögmaður,
Bergrún Elín Benediksdóttir, 2. prófmál)

Lykilorð

Skaðabótaábyrgð. Líkamstjón. Vinnuslys. Vinnuveitendaábyrgð. Tæki. Aðfinnslur.

Útdráttur

A krafði T hf. um bætur vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir í vinnuslysi. Tildrög slyssins voru þau að A var við störf á lyftara í frystigeymslu O hf. Hafi hann verið að sækja vörur í tiltekinn rafknúinn hillurekka sem hafi farið sjálfkrafa af stað og keyrst að honum með þeim afleiðingum að annar fótur hans hafi klemmst milli lyftarans og rekkans svo að tjón hlaust af. Í dómi Landsréttar kom fram að ráða mætti af gögnum málsins, framburði A og vitna að ekki hefði verið gert sérstakt áhættumat vegna notkunar rekkakerfisins þótt hættueiginleikar þess hefðu verið viðurkenndir af hálfu rekstrarstjóra O hf. Þá hefði leiðbeiningum til starfsmanna O hf. um notkun rekkakerfisins og öryggisráðstöfunum vegna þeirrar notkunar verið ábótavant. O hf. hefði því vanrækt þær skyldur sem lagðar væru á vinnuveitendur samkvæmt 2. mgr. 65. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Þá yrði O hf. að bera hallann af því að ósannað væri að ekki hefði mátt koma í veg fyrir slysið með því að framfylgja fyrrgreindum vinnuverndarákvæðum. Voru skilyrði vinnuveitendaábyrgðar O hf. talin fyrir hendi og krafa A á hendur váttryggingafélaginu því tekin til greina.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Kristbjörg Stephensen, Sigurður Tómas Magnússon og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 8. maí 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 2018 í málinu nr. E-[...]/2017.

- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt krefst hann málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
- 4 Dómarar Landsréttar gengu á vettvang í frystigeymslur að [...] í Reykjavík við upphaf aðalmeðferðar 15. janúar 2019.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Um aðdraganda þess að stefndi varð fyrir vinnuslysi því sem um er fjallað í máli þessu nýtur fyrst og fremst við frásagnar hans sjálfs og stuttrar upptöku úr eftirlitsmyndavél í frystigeymslu þeirri sem O hf. höfðu til afnota að [...] á slysdegi 14. maí 2012. Upptaka þessi var spiluð við aðalmeðferð málsins í Landsrétti en hún sýnir stefnda ýta á hnapp á stjórnborði hillurekkakerfis í frystigeymslunni sem færir hillurekkana í sundur með vélrænum hætti og opnar þannig leið að vörum í hillunum. Þá sést stefndi aka litlum lyftara inn á milli hillurekkanna og hverfa sjónum. Það síðasta sem sést á upptökunni er að skömmu síðar fer annar hillurekkinn af stað án þess að nokkur komi við stjórnborðið og byrjar að loka ganginum sem stefndi hafði opnað og farið inn á. Hillurekkinn stöðvast örskömmu síðar.
- 6 Samkvæmt lögregluskýrslu 15. maí 2012 lýsti stefndi tildrögum slyssins þannig hjá lögreglu að hann hefði verið að vinna á lager hjá O hf. deginum áður. Um klukkan 17 hafi hann verið að sækja vörur í tiltekinn rekka. Rekknum sé rennt til með rafmagni og hafi hann opnað rekkann og farið inn með lítinn lyftara til að sækja vörurnar. Hann hafi farið af lyftaranum og verið að taka kassa úr rekknum en allt í einu orðið var við að rekkinn hafi farið sjálfkrafa af stað og keyrst að honum. Hafi hægri fóturinn á honum klemmst milli lyftarans og rekkans. Hann hafi verið fastur þarna á milli en tekist að hringja eftir aðstoð.
- 7 Í aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi lýsti stefndi aðdraganda slyssins með svipuðum hætti og hjá lögreglu. Hann kvaðst hafa lagt lyftaranum mjög nálægt hillurekkanum þar sem hann hafi verið að ná í þungan kassa með frosnum matvælum. Á milli lyftarans og hillurekkans hafi aðeins verið pláss til að standa. Stefndi kvaðst hafa staðið með báða fætur samsíða hillurekkanum og verið byrjaður að ná í kassann þegar rekkinn fór af stað og annar fótur hans klemmst milli lyftarans og rekkans.
- 8 Í skýrslu Vinnueftirlitsins 21. maí 2012 kemur fram í lýsingu á aðstæðum á slysstað að í frystigeymslu O hf. sé færanlegt brettahillukerfi af gerðinni Movil gama. Tækið sé CE-merkt. Hillurekkarnir keyri á brautum sem steiptar séu ofan í gólfið. Til að varna því að fólk og/eða tæki klemmist á milli rekkanna þegar þeir færast saman sé sérstakur varnarbúnaður byggður á hvern rekka. Það sé geislavörn sem eigi að virka þannig að ef geislinn er rofinn stöðvist allt kerfið. Í lýsingu á vinnubrögðum og starfsháttum segir að frystigeymslan sé útbúin með tölvustýrðum lagerhillum sem

hreyfist fyrst þegar skipun hafi verið gefin um það á þar til gerðu stjórnborði sem staðsett sé framan við hillurekkana. Stjórnborðið sé útbúið þannig að kerfið eigi ekki að fara í gang nema með fyrirskipun á stjórnborði þar um, auk þess sem rekkinn eigi að stöðvast við fyrirstöðu. Kerfinu sé stjórnað með skynjurum sem staðsettir séu í um það bil 10 sm hæð yfir gólfi. Þá segir í umsögninni að á meðan stefndi hafi verið staddur í ganginum hafi rekkakerfið farið í gang og byrjað að lokast. Svo virðist sem neyðarbúnaður sá er koma eigi í veg fyrir að slíkt gerist hafi ekki virkað, með þeim afleiðingum að fótur stefnda hafi klemmst milli rekka og lyftara. Við athugun eftirlitsmanns hafi neyðarstöðvun og stjórnborð virkað eðlilega. Niðurstöður rannsóknar Vinnueftirlitsins voru þær að engar tæknilegar skýringar hafi fengist á því að rekkakerfið fór í gang meðan stefndi var staddur milli hillurekkanna.

Málsástæður aðila

- 9 Af hálfu áfrýjanda er einkum byggt á því að bilun í tækjum hafi valdið slysinu en á þeirri bilun eigi O hf. enga sök enda hafi tækin reynst í lagi bæði fyrir og eftir slysið. Þá hafi O hf. fylgt öllum fyrirmælum og öryggiskröfum framleiðanda tækjanna. O hf. hafi mátt treysta því að öryggisbúnaður sem koma hafi átt í veg fyrir slys af þessu tagi virkaði. Slysið verði því ekki talist hafa orsakast af saknæmri háttsemi starfsmanna O hf. Skylda áfrýjanda til að greiða stefnda bætur verði þar af leiðandi ekki reist á sakarreglunni eða reglum um vinnuveitandaábyrgð.
- 10 Af hálfu stefnda er byggt á því að O hf. beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem hann varð fyrir þar sem það megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað og þess að umrætt rekkakerfi í frystigeymslunni og neyðarbúnaður hafi bilað eða ekki virkað með þeim hætti sem búnaðurinn hafi átt að gera. Stefndi byggir á því að hann eigi því rétt til bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hf. hjá áfrýjanda á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, meginreglna skaðabótaréttarins, sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Stefndi byggir nánar tiltekið á því að orsök slyssins megi rekja til þess að tölvustýrðu hillurnar hafi bilað og farið af stað auk þess sem öryggisbúnaðurinn hafi ekki virkað eins og hann hafi átt að gera.
- 11 Skilja verður málatilbúnað stefnda þannig að hann telji sök ótilgreindra starfsmanna O hf. liggja í því að ekkert áhættumat hafi farið fram vegna hillurekkanna þrátt fyrir að vitað væri að um afar hættulegan búnað væri að ræða auk þess sem stefnda hafi verið veittar ófullnægjandi leiðbeiningar um það hvernig standa skyldi að notkun hillurekkanna og um það hvernig öryggisbúnaðurinn virkaði. Stefndi telur umrædda vanrækslu fela í sér meðal annars brot gegn 13., 65. og 65. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá vísar stefndi til reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og telur að brotið hafi verið gegn 7. gr. hennar um upplýsingar til starfsmanna. Stefndi telur að orsakatengsl séu milli umræddrar vanrækslu og slyss þess sem hann hafi orðið fyrir.

Niðurstaða

- 12 Eins og fram kemur í 1. gr. laga nr. 46/1980 er með þeim lögum leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu og að tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við lög og reglur, ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins. Umræddum lögum og reglugerðum, sem settar hafa verið með heimild í lögnum, er þannig ætlað að tryggja öryggi starfsmanna. Starfsmenn eiga almennt að geta treyst því að ef ekki er af hálfu vinnuveitanda farið eftir fyrirmælum vinnuverndarreglna fái þeir bætt tjón sem af því hlýst ef ekki er um stórfellt gáleysi þeirra sjálfra að ræða, svo sem ef þeir brjóti gegn fyrirmælum og leiðbeiningum sem þeir fá frá vinnuveitanda. Ráða má af dómaframkvæmd í málum vegna vinnuslysa að ríkar kröfur eru gerðar til vinnuveitanda um að hann fylgi lögum og reglum um vinnuvernd.
- 13 Í 13. gr. laga nr. 46/1980 segir að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað og er meðal annars í greininni vísað sérstaklega til VII. kafla laganna sem fjallar um vélar, tækjabúnað og fleira. Í 1. mgr. 65. gr. a laganna, sem er að finna í þeim kafla, er mælt fyrir um að atvinnurekandi beri ábyrgð á því að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skuli áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skuli sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt sé að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinni þeim sé meiri hættu búin en öðrum starfsmönnum. Þá segir í 2. mgr. 65. gr. a að þegar áhættumat á vinnustað gefi til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin skuli atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess sé ekki kostur, draga úr henni eins og frekast sé unnt.
- 14 Í 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006, sem sett var með heimild í lögum nr. 46/1980, segir að atvinnurekandi skuli meðal annars upplýsa starfsmenn sína um notkunarskilyrði tækja, óvenjulegar aðstæður sem séu fyrirsjáanlegar og þá reynslu sem fengist hefur við notkun hlutaðeigandi tækja. Enn fremur skuli atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum þar sem framangreindar upplýsingar skuli koma fram.
- 15 Af fyrirnefndri umsögn og niðurstöðum Vinnueftirlitsins verður ráðið að ekki hafi tekist að finna tæknilegar skýringar á því að rekkakerfið fór í gang umrætt sinn. Þar sem sú staðreynd liggur hins vegar fyrir að rekkakerfið fór í gang án þess að fyrirskipun hafi verið gefin til tækjabúnaðarins um það byggja báðir málsaðilar á því að bilun í tækjunum hafi orðið til þess að rekkakerfið fór af stað og byrjaði að loka ganginum þar sem stefndi var við vinnu. Verður því að byggja á því að um óútskýrða bilun í tækjum hafi verið að ræða. Ekkert er fram komið í málinu um að vanrækslu O hf. verði um það kennt að rekkakerfið fór í gang.

- 16 Af hálfu stefnda er jafnframt byggt á því að öryggisbúnaður sem stöðva átti hillurekkana hafi ekki virkað umrætt sinn. Af hálfu áfrýjanda er hins vegar byggt á því að um óútskýrða bilun hafi verið að ræða í þessum öryggisbúnaði.
- 17 Upplýst er með ljósmyndum sem Vinnueftirlitið tók á vettvangi slyssins og skýringartexta með þeim að neðst og næst gangi á umræddum hillurekkum er stálbiti. Við báða enda hvers rekka, skammt neðan og utan við ytri brún umrædds stálbita er skynjari um 10 sm frá gólfi og er þessum skynjara ætlað að senda boð til stjórnkerfis rekkakerfisins um að rjúfa straum fari eitthvað fyrir hann.
- 18 Í umsögn Vinnueftirlitsins um vinnuslysið kom meðal annars fram að áhættumat fyrir starfsemi O hf. væri til staðar en í því hafi ekki verið gert ráð fyrir slíkum atburði.
- 19 Í tölvupósti B, starfsmanns O hf., 11. apríl 2013 svarar hún spurningum lögfræðings hjá tónaþjónustu áfrýjanda varðandi vinnuslys stefnda. B svaraði spurningu lögfræðingsins um hvað hefði valdið því að neyðarbúnaður á rekkakerfinu virkaði ekki á þann veg, að neyðarbúnaðurinn hefði verið virkur en verið staðsettur neðar en stefndi hefði haldið að hann væri. Neyðargeislinn væri niður við gólf og ætti að nema fót ef hann kæmi í geislann. Stefndi hefði haldið að til að stoppa rekkann þyrfti að ýta við slá sem væri ofan við neyðarbúnaðinn. Þá varpaði lögfræðingurinn fram eftirfarandi spurningu: „Í umsögn vinnueftirlitsins segir að ekki hafi verið til áhættumat fyrir tilvik eins og hér um ræðir. Hvers vegna var það?“ B svaraði að til væri áhættumat fyrir frystigeysluna en starfsmenn O hf. hefðu aftur á móti ekki áttað sig á slysaáttunni af rekkunum og því lægi ekki fyrir neitt áhættumat á þeim. Í tölvupósti sama lögfræðings áfrýjanda 15. apríl 2013 til B varpaði hann í fyrsta lagi fram þeirri spurningu hvort stefndi hefði fengið einhverjar leiðbeiningar um hvernig neyðarbúnaðurinn virkaði og hvort hann hefði til dæmis fengið leiðbeiningar um hvar skynjarinn væri. Í öðru lagi hvort til væru leiðbeiningar fyrir starfsmenn um notkunarskilyrði hillurekkanna, óvenjulegar aðstæður sem væru fyrirsjáanlegar og þá reynslu sem fengist hefði við notkun hillurekkanna og vísaði í því sambandi til 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006. Í þriðja lagi hvort stefndi gæti hafa verið þannig staðsettur að geislinn hafi ekki náð til hans. B svaraði fyrirspurninni með tölvupósti 7. maí 2013. Hún kvað stefnda hafa fengið kennslu á neyðarbúnaðinn en verið sagt að skynjarinn væri á öðrum stað, það er í slánni en ekki undir henni, sem hefði verið samkvæmt þeim leiðbeiningum sem starfsmenn O hf. hefðu fengið frá leigusala. Þá kvað hún skriflegar leiðbeiningar um notkunarskilyrði hillurekkanna ekki vera til. Loks svaraði hún því neitandi að stefndi hefði verið þannig staðsettur að geislinn hefði ekki náð til hans.
- 20 Fyrir liggur að stefndi hafði unnið hjá O hf. í umræddri frystigeyslu tæpa tvo mánuði þegar slysið varð en áður unnið við önnur störf hjá fyrirtækinu. Í skýrslu stefnda fyrir héraðsdómi kom fram að það eina sem honum hefði verið kennt um rekkakerfið hefði verið að setja það af stað og stöðva á stjórnborðinu. Hann kannaðist ekki við að honum hefði verið sagt að ýta á slá á rekka til að stöðva rekkakerfið. Þá kannaðist hann ekki

við að honum hefði verið sýndar skriflegar leiðbeiningar eða annað sambærilegt um notkun rekkakerfisins eða öryggisreglur.

- 21 C, fyrrverandi rekstrarstjóri O hf., bar fyrir héraðsdómi að hann héldi að hann hefði verið titlaður öryggisstjóri fyrirtækisins. Hann bar meðal annars að rekkakerfið væri stórhættulegt tæki ef það færi af stað. Aðspurður kvað hann vinnu við öryggishandbók hafa hafist vorið 2011 og einhverjar kynningar verið á henni og hún legið frammi. Hann kvaðst hins vegar ekki vita hvort stefndi hefði fengið slíka kynningu.
- 22 D, birgðastjóri O hf., bar fyrir héraðsdómi að hann hefði vitað af geisla sem þyrfti að rjúfa til að stöðva rekkakerfið. Hann bar að starfsmenn hefðu oft sýnt glannaskap við notkun á rekkakerfinu og meðal annars stöðvað kerfið með því að setja fótinn fyrir geislann „bara einhvers staðar inn á milli“.
- 23 Með framburði vitnisins C þykir í ljós leitt að starfsmenn O hf. hafi gert sér grein fyrir því að rekkakerfið væri hættulegur búnaður. Þrátt fyrir þá vitneskju má ráða af fyrrnefndum tölvupóstsamskiptum lögfræðings áfrýjanda og starfsmanns O hf. að ekki hafi verið gert sérstakt áhættumat vegna notkunar rekkakerfisins. Ætla má að áhættumat á rekkakerfinu hefði leitt hættueiginleika þess í ljós og gefið O hf. tilefni til þess að grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða draga úr henni eins og frekast væri unnt í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 65. gr. a laga nr. 46/1980.
- 24 Þá má ráða af fyrrnefndum tölvupóstsamskiptum að skriflegar leiðbeiningar til starfsmanna um notkun rekkakerfisins og öryggisráðstafanir vegna þeirrar notkunar lágu ekki fyrir hjá O hf. og slíkar leiðbeiningar hafa ekki verið lagðar fram í málinu. Þá má ráða af fyrrnefndum tölvupóstsamskiptum, framburði vitnisins C og stefnda fyrir héraðsdómi að stefndi hafi fengið engar, rangar eða að minnsta kosti mjög takmarkaðar og misvísandi upplýsingar um hvernig öryggisbúnaður rekkakerfisins virkaði.
- 25 Samkvæmt framansögðu vanrækti O hf. þær skyldur sem lagðar eru á vinnuveitanda samkvæmt 65. gr. a laga nr. 46/1980 og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 til að tryggja öryggi starfsmanna sinna.
- 26 Leggja verður til grundvallar framburð vitnisins C fyrir héraðsdómi um að hann hafi tilkynnt vinnuslysið munnlega til Vinnueftirlitsins 14. maí 2012. Þessi framburður fær nokkra stoð í lögregluskýrslu sem rituð var vegna tilkynningar stefnda til lögreglu um vinnuslysið daginn eftir en þar var vitnað til þess að hringt hefði verið í „C rekstrarstjóra“ og hann hefði sagt að samband hefði verið haft við Vinnueftirlitið deginum áður vegna slyssins en málið ekki talið þess eðlis að það yrði rannsakað fyrr en daginn eftir. Fyrir liggur að Vinnueftirlitið skoðaði vettvang vinnuslyssins 21. maí 2012. Skrifleg tilkynning O hf. til Vinnueftirlitsins er dagsett 22. maí 2012.

- 27 Samkvæmt athugun eftirlitsmanns Vinnueftirlitsins virkaði neyðarstöðvun og stjórnborð rekkakerfisins eðlilega þegar skoðun fór fram viku eftir vinnuslysið. Engin tæknileg skýring fannst þannig á því að neyðarstöðvunin virkaði ekki þegar slysið varð. Ekki var gerður frekari reki að rannsókn á ástæðu þess að öryggisbúnaðurinn virkaði ekki. Á því bar O hf. ábyrgð en um slíka ábyrgð vinnuveitanda má vísa til dóms Hæstaréttar frá 19. mars 2009 í máli nr. 363/2008. Samkvæmt því hefur ekki verið leitt í ljós hvort öryggisbúnaðurinn bilaði eða hvort aðrar ástæður lágu að baki þess að hann virkaði ekki eins og hann átti að gera við þær aðstæður sem vinnuslysið átti sér stað.
- 28 Með hliðsjón af lýsingu stefnda á því hvernig hann bar sig að við að ná í vörur í frystigeysmluna í umrætt sinn, þeim upplýsingum sem fyrir liggja um staðsetningu og virkni skynjara sem áttu að tryggja að hillurekkinn stöðvaðist áður en slyshlytist af hreyfingu hans svo og röngum eða ófullnægjandi upplýsingum O hf. til stefnda um virkni öryggisbúnaðarins verða O hf. að bera hallann af því, að ósannað er að ekki hefði mátt koma í veg fyrir vinnuslys stefnda með því að framfylgja fyrrnefndum vinnuverndarákvæðum. Þar sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar O hf. eru fyrir hendi ber áfrýjandi bótaábyrgð á tjóni stefnda.
- 29 Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu. Með vísan til alls framangreinds verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.
- 30 Áfrýjanda verður gert að greiða málskostnað fyrir Landsrétti sem rennur í ríkissjóð. Um þann kostnað og gjafsóknarkostnað stefnda fer eftir því sem segir í dómsorði.
- 31 Það athugast að samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hafa aðilar máls forræði á öflun sönnunargagna, þar á meðal um hvaða vitni eru leidd fyrir dóm og um hvað þau eru spurð. Það er þó hlutverk dómara, samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 56. gr. laganna, að krefja vitni frekari skýringa á svari þannig að efni þess komi skýrt fram svo og að leggja spurningar sjálfstætt fyrir vitni. Í spurningum sem dómara í héraði beindu til vitna bar nokkuð á því að ekki væri fylgt nægilega fyrirmælum 2. mgr. 56. gr. Þannig lögðu dómara fyrir vitni spurningar sem voru óákveðnar, tvíræðar og jafnvel leiðandi og spurðu vitni ítarlega um atriði sem málsaðilar höfðu ekki byggt málatilbúnað sinn á. Þrátt fyrir þessa framgöngu dómara við skýrslutökur af vitnum, sem telja verður aðfinnsluverða, þykir ekki hafa verið raskað svo því málsforræði og jafnræði málsaðila, sem lögum um meðferð einkamála er ætlað að tryggja, að nauðsynlegt sé að ómerkja málsmeðferðina og vísa málinu heim í hérað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tryggingamiðstöðin hf., greiði 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnda, A, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 1.000.000 króna.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 11. apríl 2018

Þetta mál, sem var tekið til dóms 14. febrúar 2018, er höfðað af A, kt. [...], með stefnu birtri 28. júní 2017, á hendur Tryggingamiðstöðinni hf., kt. 660269-2079, Síðumúla 24, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 30.557.908 kr. með 4,5% vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, af 4.187.550 kr. frá 14. maí 2012 til 25. ágúst 2014 og af 30.557.908 kr. frá þeim degi til 3. júní 2017, en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál auk álags er nemi virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Hann krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik

Stefnandi lenti í alvarlegu slysi síðla dags 14. maí 2012 við vinnu sína hjá fyrirtækinu O í frystigeymslu þess í [...] í Reykjavík. Málsaðilar deila um það hvort hann eigi, vegna tjóns sem hann hlaut þá, rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá stefnda.

Stefnandi fluttist hingað til lands fyrir um 12 árum. Fljótlega fékk hann vinnu hjá O í húsnæði fyrirtækisins í [...]. Hann vann þar í 4–5 ár, að því er hann minnir. Hann starfaði síðan um hálfárs skeið, 2011–2012, sem gjaldkeri í banka en féll það ekki. Vorið 2012 sá hann að O auglýstu eftir starfsmanni, sótti um og fékk starfið. Þá átti hann ekki kost á vinnu í húsnæðinu í [...] heldur í frystigeymslunni í [...]. Þar hóf hann störf 20. mars 2012. Hann hafði því starfað þar í réttar átta vikur þegar slysið varð.

Í frystigeymslunni voru vörur geymdar í rafknúnu, tölvustýrðu hillurekkakerfi/lagerhillum af gerðinni Móvil gama, sem hefur CE-merkingu. Rekkarnir, sem eru tveggja til þriggja mannhæða háir og um 35–36 metra breiðir, renna á brautum, sem eru steypar niður í gólf. Færslu þeirra fram og til baka eftir brautunum er stýrt með því að gefa skipun á þar til gerðu stjórnborði á enda hvers rekk. Stjórnborðið er einfalt; takki sem stýrir færslu til hægri og annar sem stýrir færslu til vinstri og síðan er á því öryggis-hnappur. Sé ýtt á hann er rafstraumur til tækisins rofinn og færsla rekkans stöðvast.

Á hverjum rekk, þeirri hlið sem vörunni er raðað inn í, er auk þess neyðarstöðvunarbúnaður. Hann á að nema hreyfingu, en þó á mjög afmörkuðum stað, neðst á hillurekkunum. Búnaðurinn er ljósnemavörn; ljósgeisli sem er sendur úr öðrum enda rekkans í hinn enda hans. Geislinn liggur nokkrum cm fyrir ofan gólflötinn, rétt undir útstandandi stálramma/slá neðst á hillurekkanum niðri við gólf. Til þess að rekkinn stöðvist, við það að geislinn er rofinn þarf fótur manns svo gott sem að snerta rekkann. Þegar geislinn er rofinn rofnar aflrás til rekkans og hann á að stöðvast. Stefndi áréttar að tækið sé CE-merkt.

Vöruskemmuna höfðu O haft á leigu frá árinu 2009 af fyrirtækinu [...]. Samkvæmt upplýsingum frá O kenndi verkefnastjóri leigusala starfsmönnum O á rekkakerfið.

Í vöruskemmunni/frystigeymslunni var 20–30°C frost. Stefnandi var því vel klæddur og kvaðst hafa haft tvær húfur á höfði. Hann kvaðst því ekki hafa heyrt að rekkarnir bak við hann færðust til auk þess sem alltaf hafi verið vissst hljóð, suð eða niður, í frystigeymslunni.

Að sögn stefnanda fór vinnan þannig fram að hann hafði litla tölvu eða lítinn skjá festan á fram-handlegginn. Í tölvuna bárust pantanir frá verslunum um tiltekna vörur. Á skjánum sá hann einnig hvar

nákvæmlega í geymslunni varan var geymd. Þegar atvikið varð hafði hann fengið pöntun á vörum sem voru á tveimur stöðum í frystigeymslunni; önnur á A-gangi og hin á B-gangi rekkakerfisins. Inn í frystigeysluna ók hann litlum lyftara, sem á er hvorki hús né hlíf. Hann notaði þó ekki lyftibúnaðinn eða gafflana á lyftaranum til verksins heldur lagði hann vöruna á pall bak við sætið á lyftaranum. Fyrst náði hann í vöruna á A-ganginum. Hann opnaði því næst B-ganginn með því að ýta á takka í stjórnborðinu á enda rekkans, settist á lyftarann og ók honum hálfra leið inn ganginn og fór af honum til að ná í kassa.

Hann kvaðst hafa lagt lyftaranum nálægt rekkannum til þess að það reyndi sem minnst á bakið að færa kassann úr hillunni yfir á lyftarann. Að hans sögn gerðu allir starfsmennirnir þetta til þess að þurfa ekki að ganga með/bera kassana frá hillunni að lyftaranum. Á meðan stefnandi stóð við lyftarann og var að leggja kassann frá sér á pall hans fór rekkinn skyndilega af stað og færðist að stefnanda, með þeim afleiðingum að hægri fótur hans klemmdist milli lyftarans og rekkans. Þetta tók örfáar sekúndur. Stefnandi reyndi að losa sig en gat það ekki og á meðan hélt rekkinn áfram að þrýstast að fæti hans. Stefnandi náði að hringja úr farsíma sínum í annan starfsmann, D, sem kom eftir nokkrar mínútur og opnaði ganginn með því að ýta á takka á stjórnborðinu. Stefnanda var strax ekið á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Þar var hann greindur með kramningaráverka á hægri fæti. Læknir setti hann í teygjusokk og ráðlagði honum að taka verkja- og bólgueyðandi lyf og hvíla sig næsta dag. Eftir það skyldi hann lifa lífi sínu eins og fyrir slysið. Hann skyldi þó koma í eftirlit ef verkurinn ykist. Verkstjóra O var strax tilkynnt um slysið.

Morguninn eftir slysið, 15. maí 2012, afhenti stefnandi á vinnustað sínum vottorð þess efnis að hann væri óvinnufær þann dag. Sama morgun leitaði hann að eigin frumkvæði til lögreglunnar til þess að tilkynna slysið. Lögreglumaður sem tók af honum skýrslu segist í skýrslunni hafa hringt í rekstrarstjóra O, C. Sá hafi sagst hafa hringt í Vinnueftirlitið á slysdegi. Eftirlitið hefði ekki talið málið þess eðlis að það yrði rannsakað fyrr en daginn eftir, þ.e. 15. maí.

C bar fyrir dómi að honum hafi fundist óeðlilegt að eftirlitið hefði ekki viljað koma samdægurs því það hefði það gert áður þegar hann hefði hringt þangað og tilkynnt slys. Hann bar einnig að eftir nokkra daga hefði hann verið farið að lengja eftir Vinnueftirlitinu og taldi sig þá hafa hringt í það aftur. Skrifleg tilkynning til eftirlitsins var þó ekki fyllt út fyrr en 22. maí 2012, en hún barst Vinnueftirlitinu fjórum vikum síðar, 19. júní. Í henni lýsti rekstrarstjóri O atvikinu þannig:

A fer á lyftara inn á B- gang að sækja kassa. Færanlegur rekki fer saman og A klemmist á milli rekkans og lyftara (fótur). Tvennt bilar, rekkinn á ekki að færast saman og rekkinn á að stöðvast við fyrirstöðu (t.d. spark). Skór með stáltá björguðu miklu.

Vinnueftirlitið kom á staðinn 21. maí 2012, sjö dögum eftir atvikið, en áður en því barst skrifleg tilkynning O. Í umsögn þess um vinnuslys segir:

Hinn 21.05.2012 var Vinnueftirliti ríkisins tilkynnt um vinnuslys er varð í frystigeymslu O, [...] þann 14.05.2012. Skoðun á vettvangi slyssins fór fram þá um morguninn.

Við rannsókn slyssins studdust eftirlitsmennirnir við frásögn rekstrarstjóra O, sem var viðstaddur skoðunina, og myndbandsupptöku af atvikinu. Um stjórnúnaðinn segja þeir:

Stjórnborðið er sagt þannig útbúið að kerfið á ekki að fara í gang nema með fyrirskipun í stjórnborði þar um, auk þess sem rekkinn á að stöðvast við fyrirstöðu. Því er stjórnað með skynjurum sem staðsettir eru í ca 10cm hæð yfir gólfi. Við athugun eftirlitsmanns virkaði neyðarstöðvun og stjórnborð eðlilega.

Um atvikið segja starfsmenn Vinnueftirlitsins:

A hafði farið einn inn á B-gang rekkakerfisins á lyftara til að sækja kassa, hann hafði opnað ganginn við stjórnborðið og farið inn. Á meðan A var staddur í ganginum fór rekkakerfið í gang og byrjaði að lokast. Svo virðist sem neyðarúnaður sá er koma á veg fyrir að slíkt eigi að geta gerst hafi ekki virkað með þeim afleiðingum að fótur A klemmdist á milli rekka og lyftara.

Eftirlitið gerði ekki athugasemd við aðstæður, eins og þær voru á slysstað viku eftir atvikið. Gólf voru hrein og lýsing góð. Tekið var fram að áhættumat fyrir starfsemi fyrirtækisins væri til en ekki hefði verið gert ráð fyrir atviki sem þessu.

Það var niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins að engin tæknileg skýring fyndist á því að rekka-kerfið fór í gang á meðan stefnandi var staddur á gangi þess. Eftirlitið gaf þau fyrirmæli um úrbætur að stjórnborð og öryggisnemar skyldu yfirfarin reglulega og samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Stefnanda skánaði ekki í fætinum og var enn kvalinn 18. maí. Hann fékk þá aftur vottorð um óvinnufærni og átti að koma í endurmat viku síðar hefði honum ekki skánað. Að ráði læknis reyndi stefnandi að vinna í hálfu starfi frá miðjum júní 2012 en með vottorði læknis í nóvember 2012 var hann talinn alveg óvinnufær og hefur ekki verið á vinnumarkaðnum frá þeim tíma. Hann hefur hins vegar gengist undir margs konar lækni meðferðir sem hafa þó ekki borið mikinn árangur.

Stefnandi taldi O bera skaðabótaábyrgð á slysi hans, þar eð það yrði rakið til vanbúnaðar á vinnustað og til þess að neyðarstöðvunarbúnaðurinn á rekkakerfi frystigeymslunnar virkaði ekki. Hann óskaði því eftir afstöðu stefnda til bótaskyldu O vegna tjónsins með bréfi, dags. 18. janúar 2013. Um ábyrgð vinnuveitanda vísaði hann til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006.

Vegna þessa erindis aflaði stefndi sér upplýsinga frá O. Í svörum fyrirtækisins kom fram að stefnandi hefði ekki fengið neinar skriflegar leiðbeiningar um notkunarskilyrði hillurekkanna enda væru þær ekki til. Hann hefði hins vegar fengið þá munnlegu leiðbeiningu að öryggisbúnaðurinn væri á öðrum stað en hann er, það er „í slánni en ekki undir sem er skv. þeim leiðbeiningum sem starfsmenn okkar fengu frá leigusala“. Í svörunum kom einnig fram að verkefnastjóri leigusalans hefði kennt starfsmönnum O á búnaðinn í upphafi leigutímans 2009.

Enn fremur kom fram í svörum O að í kjölfar slyssins hefði vinnureglum verið breytt þannig að starfsmenn tækju strauminn alltaf af búnaðinum áður en þeir færu inn á gangana.

Með bréfi dags. 19. september 2013 hafnaði stefndi bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu O þar eð hann taldi atvikið ekki verða rakið til sakar váttryggingartaka. Stefnandi gat ekki fallist á þessa afstöðu stefnda og skaut málinu til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, 17. júlí 2014. Í úrskurði sínum 16. september 2014, í máli nr. 230/2014, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt úr ábyrgðartryggingu O hjá félaginu.

Þar eð stefnandi var tryggður slysatryggingu hjá stefnda, sem launþegi O, var E læknir fenginn til að leggja mat á afleiðingar slyssins fyrir hann. Í matsgerð, dags. 15. september 2016, taldi læknirinn varanlega, læknisfræðilega örorku stefnanda vegna kramningaráverkans (miska) nema 25 miskastigum. Stefnanda voru greiddar bætur úr slysatryggingu launþega hjá stefnda í samræmi við það mat.

Stefnandi telur slysið bótaskyld úr ábyrgðartryggingu O sem var í gildi á slysdegi. Að beiðni stefnanda dómkvaddi Héraðsdómur Reykjavíkur E lækni og F lögmenn til þess að leggja mat á afleiðingar slyssins fyrir stefnanda. Í matsgerð þeirra frá 12. apríl 2017, sem var unnin á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, var tjón stefnanda metið svo:

Batahvörf / stöðugleikapunktur	25. ágúst 2014
Tímabil atvinnutjóns, sbr. 2. gr. skbl.	100%: 14. maí–10. júní 2012 50%: 11. júní–22. nóv. 2012 100%: 23. nóv. 2012–25. ágúst 2014
Tímabil þjáninga, sbr. 3. gr. skbl.	14. maí 2012–25. ágúst 2014
Varanlegur miski, sbr. 4. gr. skbl.	25 stig
Varanleg örorka, sbr. 5. gr. skbl.	60%

Stefnandi sendi stefnda kröfu 3. maí 2017, sem grundvallaðist á niðurstöðu matsgerðarinnar. Með tölvupósti 22. maí 2017 ítrekaði stefndi óbreytta afstöðu sína til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu O.

Stefnandi telur sér því nauðsynlegt að höfða þetta mál til heimtu fullra skaðabóta úr ábyrgðartryggingu O, sem var í gildi hjá stefnda á slysdegi, vegna afleiðinga vinnuslyss 14. maí 2012.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Almennt um grundvöll bótaábyrgðar

Stefnandi byggir á því að hann búi við alvarlegar, varanlegar afleiðingar vinnuslyssins 14. maí 2012. Þær hafi haft veruleg áhrif á líf hans og möguleika til að afla sér tekna í framtíðinni, eins og matsgerð sýni.

Hann byggir á því að O beri skaðabótaábyrgð á slysi hans, því það megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað, svo og til þess að umrætt rekkakerfi í frystigeymslunni og neyðarbúnaður hafi bilað. Stefnandi byggir á því að hann eigi af þeim sökum rétt til bóta úr fjálsri ábyrgðartyggingu O hjá stefnda á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993 og meginreglna skaðabótaréttarins, sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi á eftirfarandi:

Ófullnægjandi og/eða bilaður búnaður

Stefnandi byggir á því að orsök slyssins hafa verið ófullnægjandi og/eða bilaður búnaður í rekka F-B, 1101, í frystigeymslu O. Eins og segi í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 21. maí 2012, sé slysstaðurinn *frystiklefi sem er útbúinn með tölvustýrðum lagerhillum er hreyfast fyrst er skipun hefur verið gefin um það á þar tilgerðu stjórnborði sem staðsett er framan við hillurekkana. Stjórnborðið er sagt þannig útbúið að kerfið á ekki að fara í gang nema með fyrirskipun í stjórnborði þar um, auk þess sem rekkinn á að stöðvast við fyrirstöðu. Því er stjórnað með skynjurum sem staðsettir eru í ca 10 cm hæð frá gólfi. Í umfjöllun Vinnueftirlitsins um vinnubrögð og starfshætti segi einnig að A hafði farið einn inn á B-gang rekkakerfisins á lyftara til að sækja kassa, hann hafði opnað ganginn við stjórnborðið og farið inn. Á meðan A var staddur í ganginum fór rekkakerfið í gang og byrjaði að lokast. Svo virðist sem neyðarbúnaður sá er koma á veg fyrir að slíkt eigi að geta gerst hafi ekki virkað með þeim afleiðingum að fótur A klemmist á milli rekka og lyftara.*

Vinnueftirlitið hafi rannsakað orsök slyssins. Í umsögn þess segi meðal annars að niðurstaða rannsóknarinnar sé að engin tæknileg skýring hafi fundist á því af hverju rekkakerfið fór í gang á meðan stefnandi var staddur á milli rekkanna. Þau fyrirmæli um úrbætur sem eftirlitið hafi gert vegna slyssins hafi verið að stjórnborð og öryggisnemar skyldu yfirfarin reglulega og samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Stefnandi bendir hins vegar á að rannsókn Vinnueftirlitsins hafi farið fram 21. maí 2012, en ekkert liggi fyrir um það hvað gerðist í millitíðinni, þ.e. frá því að slysið varð og þar til rannsókn fór fram. Stefnandi byggir á því að það eitt að Vinnueftirlitið hafi ekki fundið neina tæknilega skýringu sjö dögum eftir slys stefnanda hafi ekkert sönnunargildi um það hvernig ástand rekkakerfisins hafi verið skömmu eftir slysið.

Stefnandi hafnar alfarið þeirri niðurstöðu Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum að hann eigi ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingunni hjá stefnda þótt fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins að engin tæknileg skýring sé á því af hverju hillukerfið hafi ekki virkað eins og það átti að gera og því hafi ekki verið sýnt fram á vanbúnað í kerfinu eða ófullnægjandi aðstæður á vinnustað. Stefnandi bendir á að fyrir liggi myndbandsupptaka af slysinu þar sem greinilega sjáist að hillukerfið virkaði ekki á þann hátt sem það átti að gera.

Stefnandi byggir á því að tölvustýrðu hillurnar hafi bilað og farið af stað auk þess sem varnarbúnaðurinn hafi ekki virkað sem skyldi. Stefnandi vísar til upptöku úr eftirlitsmyndavél O, þar sem sést þegar hann opnar ganginn á stjórnborðinu fyrir framan rekkann og fer inn ganginn á lyftaranum. Síðan sjáist að rekkinn fer skyndilega, að því er virðist sjálfkrafa, af stað að stefnanda og hann klemmist fastur.

Stefnandi bendir á að í tilkynningu O til Vinnueftirlitsins, dags. 22. maí 2012, segi um tildrög slyssins: *A fer á lyftara inn á B-gang að sækja kassa. Færanlegur rekki fer saman og A. klemmist á milli rekka og lyftara (fótur). Tvennt bilar, rekkinn á ekki að færast saman og rekkinn á að stöðvast við fyrirstöðu, (t.d. spark). Skór með stáltá björguðu miklu.*“ Að mati stefnanda verður umrædd tilkynning ekki skilin á annan hátt en þann að O viðurkenni að rekkinn hafi bilað í umrætt sinn.

Ekkert áhættumat vegna hillurekkanna, ófullnægjandi leiðbeiningar og verklag

Stefnandi byggir á því að í lögum nr. 46/1980 séu lagðar ríkar skyldur á herðar atvinnurekendum að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustað. Atvinnurekandi beri ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skuli áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi, sbr. 65. gr. og 65. gr. a í lögum nr. 46/1980, sbr. jafnframt ákvæði VIII. kafla reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Þá beri atvinnurekanda, skv. 13. gr. laganna, að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í greininni sé meðal annars sérstaklega vísað til kafla laganna um framkvæmd vinnu, um vinnustaði og um vélar og tækjabúnað.

Samkvæmt umsögn Vinnueftirlits ríkisins, dags. 21. maí 2012, hafi ekki verið gert ráð fyrir slíkum atburði í áhættumati O. Í svari O við spurningu stefnda um það hvers vegna ekki hafi verið til áhættumat fyrir umrætt tilvik, dags. 11. apríl 2013, segi: *Það er til áhættumat fyrir frystigeysluna aftur á móti áttuðum við okkur ekki á slyshættunni á rekkunum og því liggur ekki fyrir neitt áhættumat á þeim.*

Þótt áhættumat hafi verið gert fyrir frystigeysluna sé ljóst að áhættan sem tengdist þessum verkþætti, vinnan inni í sjálfum rekkunum, hafi ekki verið nægilega metin og verkið því ekki skipulagt á þann hátt að öryggi starfsmanna væri nægilega tryggt. Stefnandi bendir á að O hafi verið eða hafi mátt vera ljós hættan af hillurekkunum. Hver rekki sé stór, breiður og þungur og hreyfist fram og til baka. Því sé ljóst að af þeim sé veruleg slyshætta.

Í bréfi stefnda, dags. 19. september 2013, þar sem hann hafni ábyrgð segi að atvik sem þetta hafi ekki gerst áður. O hafi því mátt treysta því að búnaður hillukerfisins virkaði. Í samskiptum stefnda og O 11. apríl 2013 svari O þeirri spurningu stefnda hvort sambærilegt atvik hafi gerst áður og hvort upplýsingar séu til um það þannig að ekkert sambærilegt slys hafi átt sér stað. Stefnandi bendir á að í svari O komi ekki fram hvort hillurekkarnir hafi áður farið af stað heldur sé eingöngu tekið fram að sambærilegt slys hafi aldrei orðið. Í svörum O til stefnda, 11. apríl 2013, segi að vinnureglum við rekkana hafi verið breytt í kjölfar slyss stefnanda og að nú slái starfsmenn alltaf strauminn af rekkunum áður en þeir fari inn á ganginn. Eftir slysið hafi O því breytt vinnureglum við hillurekkana þar sem ekki sé treystandi á að þeir fari ekki sjálfkrafa af stað.

Í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 21. maí 2012, sé haft eftir rekstrarstjóra O að ekki sé ætlast til þess að starfsmenn séu einir við vinnu í frystigeyslu eins og var í tilfelli stefnanda. Engin skrifleg verklýsing sé þó til um það. Í svari O 11. apríl 2013 við þeirri spurningu stefnda hvort það væri almenn vinnuregla að starfsmenn ættu ekki að vera einir við vinnu í frystigeyslu, hvort starfsmenn gætu staðfest það og hvort stefnandi hefði fengið slík tilmæli sagði: *Starfsmenn eru ekki einir við vinnu sína í frystihúsinu. Aftur á móti er starfið þannig að um er að ræða tiltekt á vörum í frysti þannig að það getur verið að þegar aðrir starfsmenn eru búnir með að taka til pöntun þá keyra þeir vörurnar fram til lestunnar og því getur myndast smá tími þar sem starfsmaður er einn inni í frystinum.* Stefnandi hafnar því alfarið að honum hafi verið kynnt sú regla að starfsmenn ættu ekki að vera einir að vinna inni í frystigeyslunni. Stefnandi byggir á því að honum hafi aldrei verið kynntar sérstakar öryggisreglur varðandi frystigeysluna.

Í kjölfar slyss stefnanda hafi stefndi sent O eftirfarandi spurningu vegna málsins: *Af hálfu A er á því byggt að neyðarbúnaður í rekkakerfi hafi ekki virkað. Er vitað hvað olli því? Þessu hafi O svarað þannig 11. apríl 2013: *Neyðarbúnaður var virkur, hann er staðsettur neðar en þar sem A hélt að hann væri. Neyðargeislinn er staðsettur niður við gólf og á að nema fót ef hann kemur í geislann, A hélt að til að stoppa rekkann þyrfti að ýta við slá sem var fyrir ofan neyðarbúnaðinn. Búið er að taka út neyðarbúnaðinn af vinnueftirlitinu og fulltrúa frá umboðsáðila og virkaði allt edlilega.**

Stefndi hafi innt O eftir því skriflega, 15. apríl 2013, hvort stefnandi hafi fengið einhverjar leiðbeiningar um það hvernig neyðarbúnaðurinn virkaði, þ.e. hvort hann hefði til dæmis fengið leiðbeiningar um hvar skynjarinn væri. Í svari O, 7. maí 2013, segi að stefnandi hafi fengið kennslu, en hafi verið sagt að skynjarinn væri á öðrum stað, þ.e. í slánni en ekki undir sem er skv. þeim leiðbeiningum sem starfsmenn O hf. fengu frá leigusala. Stefnandi bendir á að svör O séu mjög misvísandi og verði ekki skilin á annan hátt en þann að O viðurkenni að hafa veitt rangar leiðbeiningar um hvar neyðarbúnaðurinn væri staðsettur.

Stefnandi hafnar því alfarið að hafa fengið leiðbeiningar um hvernig neyðarbúnaður hillurekkanna virkaði, svo sem fram kemur í svari O. Hann kveðst aldrei hafa fengið kennslu um að skynjari væri í slá fyrir ofan neyðarbúnaðinn sem hann þyrfti að ýta við til þess að stoppa rekkann. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið neina kennslu um neyðarbúnað hillurekkanna frá því að hann hóf störf og þar til slysið varð.

Stefnandi vísar til þess að í 7. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 sé fjallað um upplýsingar til starfsmanna. Í greininni segi að atvinnurekandi skuli meðal annars upplýsa starfsmenn sína um notkunarskilyrði tækja, um óvenjulegar aðstæður sem séu fyrirsjáanlegar og þá reynslu sem hafi fengist við notkun hlutaðeigandi tækja. Þá segi í 7. greininni að enn fremur skuli atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum þar sem framangreindar upplýsingar skuli koma fram. Samkvæmt svari O 7. maí 2013 við fyrirspurn stefnda voru ekki til skriflegar leiðbeiningar fyrir starfsmenn um notkunarskilyrði hillurekkanna, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006.

Í 6. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 sé einnig fjallað um tæki sem sérstök áhætta fylgir. Í ákvæðinu segi að þegar líkur séu á að notkun tækis hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna, skuli atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggji annars vegar að notkun tækis sé einungis á hendi þeirra starfsmanna sem hafi verið falin notkun þess og hins vegar að viðgerðir, breytingar, viðhald og umhirða tækis sé á hendi þeirra starfsmanna sem séu sérstaklega þjálfaðir til þeirra starfa. Stefnandi byggir á því að þeir starfsmenn sem önnuðust viðgerðir, breytingar, viðhald og umhirðu hafi ekki verið sérstaklega þjálfaðir til þeirra starfa. Samkvæmt svari O við spurningu stefnda um það hvort þeir starfsmenn sem færu yfir hillurekkakerfið mánaðarlega hefðu fengið einhverja þjálfun til þeirra starfa, dags. 7. maí 2013, segir: *Ö verkefnastjóri [...], (leigusali okkar) sem sá um að setja upp kerfið kenndi starfsmönnum á kerfið við upphaf leigutímans 2009.* Stefnandi telur af framangreindu svari O með öllu óljóst hvort starfsmenn hafi hlotið fullnægjandi þjálfun frá fagaðila. Stefnandi byggir því á að starfsmennirnir hafi ekki fengið viðhlítandi þjálfun til þeirra starfa.

Stefnandi bendir á að ljóst sé að hillurekkinn hafi ekki virkað sem skyldi, eins og myndskeiðið sýni. Hann ítrekar að honum hafi hvorki verið kynntar sérstakar öryggisreglur vegna vinnu við hillurekkana í frystigeymslunni né hvernig varnarbúnaður hillurekkanna virkaði. Verði fallist á að O hafi kynnt stefnanda öryggisreglur og hvernig varnarbúnaðurinn virkaði verði að líta til þess að ekki hafi verið til neinar skriflegar leiðbeiningar og O viðurkenni beinlínis að hafa gefið rangar leiðbeiningar um virkni öryggisbúnaðarins. Stefnandi ítrekar að lokum að það sé algerlega ósannað að þeir starfsmenn O sem sinntu viðgerðum, breytingum, viðhaldi og umhirðu hafi verið sérstaklega þjálfaðir til þeirra starfa.

Með vísan til alls framangreinds telur stefnandi sig hafa sýnt fram á sök O eða starfsfólks fyrirtækisins hvað varðar þau atvik sem leiddu til þess að hann lenti í slysi. Stefnandi hafnar því alfarið þeirri niðurstöðu Úrskurðarnefndar í váttryggingamálu að ekki hafi verið sýnt fram á sök O eða starfsfólks þess.

Tilkynningarskylda vanrækt

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 79.–81. gr. laga nr. 46/1980 hvíli sú fortakslausa skylda á vinnuveitanda að tilkynna slys til Vinnueftirlits ríkisins. Jafnframt segi í leiðbeiningum um vinnuvernd nr. 3/1992, sem bera yfirskriftina *Skyldur og ábyrgð samkvæmt lögum og reglum um vinnuvernd*, útgefnum af Vinnueftirliti ríkisins, að komi slys fyrir á vinnustað skuli atvinnurekandi eða fulltrúi hans tilkynna það lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins símleiðis, svo fljótt sem verða megi. Alvarleg slys skuli tilkynna strax. Þá skuli slys tilkynnt Vinnueftirlitinu ef þau valda fjarvist a.m.k. einn dag, auk slysdagsins. Í leiðbeiningunum sé einnig tekið fram að tilkynningarskylda atvinnurekanda þjóni fyrirbyggjandi tilgangi. Sé hún vanrækt geti það bitnað á atvinnurekanda fyrir dómi. Stefnandi byggir á því að O hafi ekki tilkynnt slys hans strax, eins og fyrirtækinu bar og af þeim sökum hafi slysið ekki verið rannsakað á fullnægjandi hátt.

Stefnandi hafi leitað á slysadeild strax í kjölfar slyssins og hætt vinnu samdægurs og verið óvinnufær í kjölfar þess. O hafi strax fengið upplýsingar um slysið, svo og að stefnandi væri á leið á slysadeild. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 15. maí 2012, segi: *Hringt var í C, rekstrarstjóra. Hann sagði að það hafði verið haft samband við Vinnueftirlitið í gær en málið ekki talið þess eðlis að væri*

rannsakad fyrir en í dag. Stefnandi byggir á því að O hafi, í það minnsta þegar lögreglan hafði samband, mátt vera ljóst hversu alvarlegt málið væri en allt að einu hafi O ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu formlega um slysið fyrir en 22. maí 2012 og starfsmenn þess komið þá þegar á staðinn, sbr. fyrirbyggjandi umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 21. maí 2012.

Stefnandi byggir á því að O hafi borið að tilkynna Vinnueftirlitinu og lögreglu slysið strax, á fullnægjandi hátt, til þess að hægt væri að rannsaka slyssað og leiða í ljós orsök slyssins og hvernig aðbúnaður hefði verið á vinnustaðnum. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi slys stefnanda fyrst verið tilkynnt Vinnueftirlitinu sjö dögum eftir að slysið varð. Stefnandi byggir á því að vegna vanrækslu O hafi Vinnueftirlitið ekki getað sinnt skyldu sinni skv. 81. gr. laga nr. 46/1980 og hafið vettvangskönnun án ástæðulausrar tafar eftir að tilkynning barst stofnuninni og rannsakad orsakir slyssins á fullnægjandi hátt.

Stefnandi byggir á því að vanræki vinnuveitandi að hlutast til um rannsókn á vinnuslysi leiði það til þess að hann sé látinn bera hallann af því ef upplýsingar skortir, sem ætla megi að unnt hefði verið að afla hefði lögmælt rannsókn farið fram. Þar af leiðandi sé oft slakað á þeim kröfum sem séu gerðar til tjónþola um að sanna að tjóni hans sé valdið með saknæmri háttsemi. Dómaframkvæmd sýni að það hvíli strangar skyldur á vinnuveitendum að sjá til þess að slys séu rannsökuð á viðunandi hátt. Þegar vinnuveitandi hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína, og lögboðin rannsókn á tildrögum slyss fari ekki fram, sé frásögn tjónþola um atvik vinnuslyss lögð til grundvallar. Stefnandi lítur svo á að þar eð slys hans hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu strax, og af þeim sökum ekki verið rannsakad á fullnægjandi hátt, sé auðsýnt að vinnuveitandi hans, O, verði að bera hallann af skorti á upplýsingum um það hvernig aðstæður voru á vettvangi strax í kjölfar slyssins. Stefnandi byggir á því að unnt hefði verið að afla þeirra hefði lögmælt rannsókn farið fram þarna strax.

Stefnandi bendir á að þegar Vinnueftirlitið kom á staðinn 21. maí 2012 hafi sjö dagar verið liðnir frá því að slysið varð og því hafi sú rannsókn sem þá fór fram, eðli máls samkvæmt, lítið sönnunargildi. Starfsemin hafi ekki verið stöðvuð í kjölfar slyssins og því megi telja nokkuð ljóst að búið hafi verið að hreyfa rekka F-B, 1101, þegar rannsóknin fór fram. Ekkert liggi fyrir um það hvort hillurekkarnir hafi verið lagaðir í millitíðinni.

Stefnandi byggir á því að þar eð ekki fór fram lögmælt rannsókn á tildrögum slyssins strax, samdægurs eða í síðasta lagi 15. maí 2012, þegar lögreglan hafði samband við rekstrarstjóra O, verði að leggja frásögn stefnanda til grundvallar í málinu, enda ekkert sem hafi gefið tilefni til þess að draga sannleiksgildi hennar í efa. Þá liggi fyrir myndskeið af því hvernig slysið varð og það staðfesti frásögn stefnanda. Þeir áverkar sem hann hlaut hafi verið staðfestir samdægurs þegar hann leitaði á slysaðeild en hann hafi verið nær óvinnufær frá því að slysið varð.

Stefnandi ítrekar að með lögum nr. 46/1980, og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, séu lagðar ríkar skyldur á herðar atvinnurekenda að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustað. Einnig sé kveðið á um þá fortakslausu skyldu vinnuveitanda að tilkynna slys til Vinnueftirlits ríkisins. O hafi vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu og lögreglu slysið strax, þótt alvara málsins hafi verið eða mátt vera fyrirtækinu ljós, en stefnandi hætti strax vinnu og var óvinnufær. O hafi strax fengið vitneskju um slysið og jafnframt hafi lögreglan haft samband daginn eftir í kjölfar þess að stefnandi leitaði til hennar að eigin frumkvæði.

Að öllu framangreindu virtu telur stefnandi auðsýnt að O verði að bera hallann af því að ekki hafi verið leitt í ljós hvers vegna hillurekkinn virkaði ekki sem skyldi, þar eð fyrirtækið hafi brugðist þeirri lagalegu skyldu sinni að tilkynna slysið á forsvaranlegan hátt og láta fara fram lögmælt rannsókn á tildrögum þess.

Nánar um kröfu stefnanda

Krafa stefnanda byggist á því að stefnda beri að greiða stefnanda fullar skaðabætur vegna líkamstjóns sem hann hlaut í vinnuslysinu. Orsök slyssins sé ófullnægjandi og/eða bilaður búnaður í rekka F-B, 1101, í frystigeymslu O. O hafi haft umræddan hillurekka til umráða og því beri stefndi skaðabótaábyrgð á tjóni því sem stefnandi hlaut í slysinu á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Stefnandi krefst fullra og óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu O sem var í gildi hjá stefnda á slysaðegi.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 14. apríl 2017. Dómkrafan samræmist kröfu sem var send stefnda 3. maí 2017 og sundurliðist svo:

Þjáningabætur skv. 3 gr. skbl. <i>14. maí 2012 til 25. ágúst 2014</i>	1.541.050 kr.
Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. <i>10.586.000 x 25%</i>	2.646.500 kr.
Varanleg örorka skv. 5.–8. gr. skbl. <i>6.190.576 x 12,15400 x 60%</i>	45.144.156 kr.
<i>Greiðslur úr slysaftryggingu SÍ og launþegaftryggingu</i>	- 6.782.251 kr.
<i>Eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris (40%)</i>	- 11.991.547 kr.
Samtals	<u>30.557.908 kr.</u>

Bætur fyrir varanlega örorku séu reiknaðar á grundvelli tekna stefnanda á árunum 2009 (4.910.949 kr.), 2010 (4.524.634 kr.) og 2011 (3.458.871 kr.) í samræmi við 5.–7. gr. skaðabótalaga, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna, eða 25. ágúst 2014. Útreikningur kröfu vegna varanlegrar örorku taki mið af margföldunarstuðli 6. gr. laganna. Til frádráttar, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laganna, komi bótagreiðslur, annars vegar úr slysaftryggingu Sjúkrtrygginga Íslands, 7. febrúar 2017, að fjárhæð 2.596.316 kr., og hins vegar úr slysaftryggingu launþega O hjá stefnda, 28. september 2016, að fjárhæð 4.185.935 kr., samtals 6.782.251 kr.

Í samræmi við 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga komi til frádráttar 40% af eingreiðsluverðmæti bótagreiðslna frá lífeyrissjóði, 11.991.547 kr.

Krafist sé 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skbl. af 4.187.550 kr. (þjáninga- og miskabótum) frá 14. maí 2012 til 25. ágúst 2014 og af 42.549.455 kr. frá þeim degi til 3. júní 2017, þ.e. þegar mánuður var liðinn frá því að krafa stefnanda var send stefnda 3. maí 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Krafa um málskostnað

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili. Þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni sé stefnanda nauðsynlegt að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi bendir á að stefnandi byggi kröfur sínar um skaðabætur á almennu skaðabótareglunni, sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Það sé grundvallarregla í íslenskum skaðabótarétti að sá sem hljóti tjón verði að sýna fram á að það verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar hegðunar tjónvalds eða athafnaleysis hans. Þá beri vinnuveitandi ábyrgð á saknæmum og ólögmætum athöfnum starfsmanna sinna, sem valdi tjóni.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því að stefnandi hafi ekki sannað að vinnuslysið sem stefnandi lenti í 14. maí 2012 verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar hegðunar vinnuveitanda stefnanda, váttryggingartakans O, eða starfsmanna sem fyrirtækið beri ábyrgð á. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að tjón hans verði rakið til vanbúnaðar vinnusvæðisins, mistaka starfsmanna váttryggingartaka, aðgæsluleysis þeirra eða annarra atriða sem váttryggingartaki kunni að bera skaðabótaábyrgð á.

Samkvæmt tilkynningu O til Vinnueftirlitsins hafði stefnandi starfað hjá fyrirtækinu í nokkur ár fyrir slysið. Hann hafi því verið vanur starfsmaður sem þekkti vel til allra aðstæðna á vinnustaðnum.

Orsök slyssins óútskýrð

Stefndi áréttar að slysið verði rakið til þess að þegar stefnandi var við hlið lyftara inni á gangi milli tveggja hillurekka hafi rekkakerfið farið af stað og fótur stefnanda hafi af þeim sökum orðið á milli

lyftarans og rekkans. Ástæða þess að rekkakerfið fór af stað án þess að skipun hafi verið gefin í stjórnborði sé óútskýrð. Slíkt hafi aldrei gerst áður og hafi aldrei gerst aftur. Stjórnborð og öryggisbúnaður, geislakerfið, hafi virkað fullkomlega við skoðun Vinnueftirlitsins.

Stefnandi haldi því fram að nauðsynlegt sé að hafa varnarbúnað eða neyðarhnapp á kerfinu. Samkvæmt svörum váttryggingartaka við fyrirsögnum stefnda fylgi slíkur búnaður ekki frá söluaðila og sé ekki fáanlegur. Þessi búnaður hafi svokallaða CE-merkingu. Hún gefi til kynna að framleiðandi eða dreifingaraðili merktis tækis ábyrgist að það uppfylli þær grunnkröfur um öryggi og almennt heilbrigði sem tilskipanir ESB kveða á um. Saknæm vanræksla verði því ekki reist á því að kerfið hafi verið vanbúið að því leyti að það hafi ekki verið í samræmi við settar lagareglur. Váttryggingartaki hafi því, út frá því sjónarmiði, ekki haft tilefni til þess að koma fyrir viðbótarbúnaði við allt kerfið, eins og stefnandi haldi fram. Þvert á móti hafi hillukerfið verið búið tilheyrandi neyðarbúnaði.

Það sé niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins að engin tæknileg skýring hafi fengist á því að rekkakerfið fór í gang á meðan stefnandi var staddur í gangi þess. Í svörum váttryggingartaka segi að starfsmenn hans yfirfari kerfið mánaðarlega. Í umsögn Vinnueftirlitsins undir fyrirsögninni *Fyrirmæli um úrbætur* segi að stjórnborð og öryggisnemar skuli yfirfarin reglulega, samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Vinnueftirlitið hafi ekki gefið nein fyrirmæli um uppsetningu frekari öryggisbúnaðar.

Tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins fullnægt

Í lögregluskýrslu gerðri daginn eftir slysið segi að haft hafi verið samband við Vinnueftirlitið á slysdegi en það ekki séð ástæðu til að koma þann dag heldur ráðgert að rannsaka búnað og aðstæður daginn eftir slysið. Tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins, samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hafi þar með verið fullnægt. Vinnueftirlitið hafi hins vegar ekki komið á vettvang fyrir en 21. maí. Stefndi bendir á að dagsetningar í umsögn Vinnueftirlitsins séu rangar. Þar segi að dagsetning tilkynningar sé 21. maí en skrifleg tilkynning til Vinnueftirlitsins sé dags. 22. maí. Rannsókn eftirlitsins hafi því farið fram áður en skrifleg tilkynning barst því, þ.e. á grundvelli símtals frá váttryggingartaka daginn sem slysið varð. Hvorki váttryggingartaki né stefndi geti borið ábyrgð á því að Vinnueftirlitið ákveði að sinna útkalli nokkru eftir tjónsatvik. Margendurteknar fullyrðingar stefnanda um að stefndi hafi ekki hlutast til um rannsókn Vinnueftirlitsins fyrir en sjö dögum eftir slysið og að meta eigi þá vanrækslu til sakar séu beinlínis rangar og haldlausar.

Stefndi vísar á bug þeim tilhæfulausu aðdráttunum stefnanda að starfsmenn váttryggingartaka kunni að hafa lagfært hillurekkana áður en rannsókn Vinnueftirlitsins fór fram. Það sé fjarstæða að ætla að samstarfsmenn stefnanda hafi viljandi reynt að stuðla að því að slys hans fengi ekki þá rannsókn sem lög kveði á um.

Váttryggingartaki vann áhættumat og ákvæðum laga nr. 46/1980 var fylgt í hvívetna

Samkvæmt 65. gr. laga nr. 46/1980 beri atvinnurekandi ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem metin sé áhætta í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Með gerð áhættumats sé farið yfir allar þekktar áhættur og þær skilgreindar og hvernig skuli brugðist við þeim. Í umsögn Vinnueftirlitsins komi fram að áhættumat sé til staðar fyrir starfsemi fyrirtækisins en ekki hafi verið gert ráð fyrir atburði sem þessum. Hið sama komi fram í svörum váttryggingartaka. Þar segi að enginn hafi áttað sig á slysaáttunni af rekkakerfinu og því liggi ekki fyrir neitt áhættumat á því. Þess verði ekki krafist að metin sé áhætta á atvikum sem engum detti í hug að geti gerst.

Vinnueftirlitið hafi ekki gert neinar athugasemdir við fyrirkomulag á vinnustaðnum og starfsemi váttryggingartaka hafi verið í samræmi við reglur laga nr. 46/1980. Samkvæmt 13. gr. þeirra laga skuli atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis á vinnustað. Í 14. gr. laganna sé fjallað um upplýsingaskyldu atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum. Fjallað sé um vinnustaði í IV. kafla laganna. Í 42. gr. komi fram sú meginregla að vinnustaður skuli þannig úr garði gerður að þar sé fyllsta öryggis gætt og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Stefndi haldi því fram að váttryggingartakinn, O, hafi í hvívetna fylgt lögum og reglum og tryggt öryggi á vinnustaðnum eftir því sem hægt var og aðstæður leyfðu. Þar hafi engu verið áfátt.

Stefnandi vísi sérstaklega til 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja. Í 6. gr. hennar sé fjallað um tæki sem sérstök áhætta fylgir en þar segi að þegar líkur séu á að notkun tækis hafi í för með sér sérstaka áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna skuli atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggji annars vegar að notkun tækis sé einungis á hendi þeirra starfsmanna sem hafi verið falin notkun þess og hins vegar að viðgerðir, breytingar, viðhald og umhirða tækis sé á hendi þeirra starfsmanna sem séu sérstaklega þjálfaðir til þeirra starfa. Stefndi bendir á að stefnandi hafi starfað hjá váttryggingartaka um árabíl, hann hafi verið vanur starfsmaður og þekkt mjög vel til allra aðstæðna. Hann hafi verið vanur að fara í frystigeymsluna og kunnað að meðhöndla þann stjórnbúnað sem tilheyrði hillurekkunum.

Í 7. gr. reglugerðarinnar sé kveðið á um að atvinnurekandi skuli meðal annars upplýsa starfsmenn sína um notkunarskilyrði tækja, óvenjulegar aðstæður sem séu fyrirsjáanlegar og þá reynslu sem hafi fengist af notkun hlutaðeigandi tækja. Enn fremur skuli atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum þar sem framangreindar upplýsingar skuli koma fram. Í því tilviki sem sé hér til úrlausnar hafi komið upp aðstæður sem hafi ekki verið fyrirsjáanlegar.

Reynslan af notkun rekkakerfisins hafi verið góð og áfallalaus. Stefnandi haldi því hvorki fram að hann hafi ekki kunnað á stjórnborðið né að hann hafi ekki fengið viðhlítandi þjálfun og kennslu í notkun þess. Stefndi hafni því alfarið að O hafi veitt stefnanda rangar leiðbeiningar um það hvar neyðarbúnaðurinn væri staðsettur. Hvort stefnandi hafi verið sagt að skynjarinn væri í slánni en ekki undir skipti ekki máli í þessu tilviki. Bæði stefnandi og lyftarinn hafi verið fyrir skynjaranum þegar slysið varð. Stefnandi geti ekki frekar en aðrir gert grein fyrir því hvað olli slysinu og hvers vegna öryggisbúnaðurinn virkaði ekki.

Álit úrskurðarnefndar í váttryggingamálum

Eins og komið sé fram hafi stefndi hafnað bótaskyldu og hafi lögmaður stefnanda borið synjunina undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Það hafi verið niðurstaða nefndarinnar að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá stefnda. Nefndin hafi talið að stefnandi hafi hvorki sýnt fram á vanbúnað í kerfinu eða ófullnægjandi aðstæður á vinnustað, né sýnt fram á, eða gert sennilegt, að þau tæki sem um ræðir hafi ekki uppfyllt allar öryggiskröfur. Þá hafi hann ekki sýnt fram á sök O eða starfsfólks fyrirtækisins hvað varðar þau atvik sem leiddu til þess að stefnandi varð fyrir því slysi sem hér ræðir um.

Álit úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sé í samræmi við þær málsástæður sem stefndi byggir á. Með vísan til alls framangreinds beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

Niðurstaða

I

Stefnandi hlaut varanlegt líkamstjón af því að fótur hans klemmdist þegar hann var við störf sín í frystigeymslu O vorið 2012. Hann telur sig eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni.

Eins og áður greinir kom Vinnueftirlitið á vettvang slyssins, 21. maí 2012, sjö dögum eftir það, og kvaðst ekki finna tæknilega skýringu á því af hverju slysið varð. Skrifleg tilkynning O til eftirlitsins er dagsett 22. maí. Þar segir: „Tvennt bílar, rekkinn á ekki að færast saman og rekkinn á að stöðvast við fyrirstöðu (t.d. spark).“

Þótt Vinnueftirlitið hafi komist að þeirri fljótfærnislegu og ófullnægjandi niðurstöðu að engin tæknileg skýring fyndist á því að rekkakerfið hefði farið af stað ganga báðir aðilar, stefnandi og stefndi, út frá því að tvennt hafi bilað, stjórnborðið og öryggisbúnaðurinn. Hvorugur gengur þó eftir því að komist sé að raun um hver sé ástæða bilananna.

Að mati dómsins hefur hins vegar hvorki verið sýnt fram á að það fyrri né það síðara hafi bilað.

Í textanum sem hér fer á eftir verður fyrst fjallað um það hvers vegna dómurinn telur geislavörminna ekki hafa bilað heldur hafi hún verið ófullnægjandi öryggisbúnaður miðað við það hvernig rekkarnir voru notaðir, því næst af hverju ekki hefur verið sannað að stjórnbúnaðurinn hafi bilað, síðan um forsendur áreiðanleika CE-merkingar og að lokum um athafnaleysi O.

II

Framlagt myndskleið sýnir innsta hluta frystigeymslunnar. Á því sést stefnandi ýta á takka stjórnborðsins á enda rekkans og rekkastæðuna færast til hægri þannig að gangurinn sem hann þurfti að komast inn í opnaðist. Hann sest upp á lyftarann og ekur inn ganginn. Á 20. sekúndu myndskleiðsins fer rekkastæðan að færast til vinstri og fjórum sekúndum síðar stöðvast hún. Stefnandi hafði því nánast ekkert ráðrúm til að bregðast við eða forða sér.

Samkvæmt framburði stefnanda fyrir dómi lagði hann lyftaranum samsíða hillurekkanum. Fóturinn sem klemmdist var því samsíða bæði lyftaranum og hillurekkanum. Ristin vísaði því ekki inn undir neðstu hillu rekkans, eins og hún hefði þurft að gera hefði hún átt að rjúfa geislann. Dómurinn telur því að rekkinn hafi stöðvast við það að annað hvort hafi þungi rekkans ekki getað kramið fótinn frekar, sem er þó ólíklegt, eða að þegar hillan hafði lagst nógu þétt upp að fæti stefnanda hafi skórin á fætinum, fyrir neðan hillubrún, náð að rjúfa geislann og færslan hafi stöðvast af þeim sökum, sem dómurinn telur líklegra.

Eftir að stefnandi krafði stefnda um afstöðu hans til bótaskyldu í janúar 2013 leitaði stefndi eftir upplýsingum frá O. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu 7. maí 2013 reiddu starfsmenn fyrirtækisins sig alfarið á þær upplýsingar sem fulltrúi leigusala veitti þeim um búnaðinn. Þeir öfluðu sér hvorki upplýsinga hjá innflytjanda rekkans né spænka framleiðandanum.

D, birgðastjóri O, bar fyrir dómi að þetta rekkakerfi hentaði best til að vinna í því á lyftara, þar væru vörur geymdar á brettum þannig að heilum vörubrettum væri stungið inn í rekkana og þau tekin heil út aftur. Við vinnu sína hafi starfsmenn O hins vegar tekið staka kassa, einn í einu eða eftir þörfum, af vörubrettunum sem voru í hillurekkanum.

Til þess að koma vörunum sem hraðast út til verslana hafi þeir oft þurft að vinna á tveimur göngum í frystigeymslunni samtímis. Þá hafi verið vaninn að stöðva færslu brettastæðunnar með því að ýta á öryggishnappinn og mynda þannig hálfu venjulega opnun á tveimur stöðum í stæðunni. Þá hafi lyftarinn ekki komist inn á gangana.

D mundi ekki eftir því að sérstaklega hefði verið farið eftir leiðbeiningum framleiðanda. Stjórnborðið hafi verið einfalt og það hafi bara átt að ýta á takka og þá hafi öll stæðan átt að færast út í enda. Þeir hafi hins vegar verið með plast sem þeir flettu utan af vörubrettunum og alls konar rusl og því hafi rekkarnir hugsanlega ekki virkað eins og þeir hefðu gert ef ekki hefði verið annar umgangur en með lyftaranum.

Löggjöf um vélbúnað og notkun hans er tvískipt, þ.e. annars vegar reglugerð nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað, og hins vegar reglugerð nr. 367/2006, um notkun tækja. Samkvæmt reglugerð nr. 1005/2009 og samkvæmt lögum nr. 46/1980, einkum 29., 31. og 37 gr., hefði leigusali átt að láta taka vélbúnaðinn og notkun hans út sérstaklega áður en leigumál O hófst. Samkvæmt 10 gr. reglugerðar nr. 367/2006 hefðu O, sem leigutaki, átt að láta taka öryggi búnaðarins út sérstaklega áður en leigumálið hófst. Enn fremur bar O, sem atvinnurekanda, að vinna áhættumat fyrir vinnuna í frystirýminu skv. reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn um að þessar úttektir og áhættumat hafi farið fram.

Í reglugerð nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað, er fjallað allitarlega um grunnkröfur sem framleiðendum véla er skylt að uppfylla. Í 18. gr. segir að með reglugerðinni sé leidd í íslensk lög evrópsk tilskipun nr. 2006/42/EB, um vélarbúnað. Fyrirmælin í reglugerðinni endurspeglar því þær kröfur sem eru gerðar til framleiðenda véla á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, þar með talið Spáni, þar sem þessi vél er framleidd.

Samkvæmt grein 1.7.4 í I. viðauka með reglugerðinni skulu öllum vélum, þegar þær eru settar á markað og/eða teknar í notkun hér á landi, fylgja leiðbeiningar á íslensku. Í grein 1.7.4 og undirgreinum er ítarlega fjallað um leiðbeiningar sem fylgja skulu vélum. Í leiðbeiningunum á meðal annars að upplýsa

um hættur sem ekki tókst að eyða við hönnun og smíði búnaðar svo og hvernig skuli staðið að verki til þess að vinnan geti orðið sem öruggust.

Í grein 1.7.4.2 í I. viðauka er í 22 staflíðum tilgreint hvaða upplýsingar skuli að lágmarki vera í öllum leiðbeiningahandbókum. Meðal annars á samkvæmt g-lið að vera lýsing á fyrirhugaðri notkun vélarinnar og h-lið viðvaranir sem byggja á fenginni reynslu um það hvernig ekki skuli nota vélna.

Vélbúnaðurinn sem er hér til umfjöllunar er stór og flókinn. Rík skylda hvílir á þeim sem setur búnaðinn upp og þeim sem notar hann að fylgja nákvæmlega forskrift framleiðanda um uppsetningu búnaðarins. Gildi CE-merkingarinnar er háð því að þetta sé gert. Miðað við þær lagaskyldur sem hvíla á framleiðendum véla hlýtur, í fyrirmælum framleiðandans, að hafa verið forskrifuð vönduð úttekt áður en nýr notandi tæki búnaðinn í notkun. Stefndi hefur ekki lagt neitt fram sem sýnir að slík úttekt hafi farið fram áður en O tóku búnaðinn í notkun.

Meðal gagna málsins eru ekki neinar upplýsingar frá framleiðanda rekkakerfisins. Ekkert liggur fyrir um það hvernig hann lýsti notkun þess í þeim bæklingum sem honum var skylt að láta fylgja búnaðinum né heldur hvort hann varaði þar við tiltekinni notkun þess. Því er ekki vitað hvort framleiðandinn hugsaði stöðvunarbúnaðinn út frá því að einungis lyftarar væru notaðir til þess að ferja vörur inn og út úr brettahillunum, hvort gert væri ráð fyrir að starfsmenn stæðu á göngunum milli þeirra og tíndu kassa af vörubrettunum eins og starfsmenn O gerðu eða jafnvel hvort ætlast væri til að frekari ljósnemavarnir yrðu settar upp eða aðrar öryggisráðstafanir yrðu gerðar á uppsetningarstað.

Ljóst er að ljósnemavörnin á rekkunum, mjór ljósgeisli, skynjar einungis hreyfingu á mjög afmörkuðu svæði sem er neðan við neðstu hillu rekkans. Geislinn nemur ekkert sem er á ganginum milli rekkanna, hvorki hreyfingarlausan hlut eins og lyftara né hreyfingu. Það sem hann skynjar þarf að vera alveg uppi við hilluna.

Það er óumdeilt að fyrir frystiklefann var ekki til áhættumat starfa. Það átti þó að hafa verið unnið, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980, reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, og staðla, svo sem ÍST EN 15635:2008 Steel static storage systems. Í 9. kafla staðalsins er mælt fyrir um skyldur notanda lagerhillukerfa (User's responsibilities) til þess að tryggja öryggi þeirra sem við þau vinna. Meðal annars á eigandi vöruhúss að tilnefna ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á því að lagerhillukerfi og vinna á lagerum sé örugg.

Við aðalmeðferð kom fram að eftir þennan atburð breyttu starfsmennirnir framkvæmdinni þannig að þeir slógu rafmagnið af áður en þeir fóru inn á gangana.

Hefði áhættumat fyrir rekkakerfið verið unnið hefði verið leitt í ljós hvort starfsmennirnir þekktu stöðvunarbúnaðinn. Samkvæmt framlögðum gögnum töldu sumir að sparka ætti í hillurekkann til að stöðva hann en öðrum var sagt að skynjarinn væri á öðrum stað en þar sem hann er. Stefnandi bar að honum hefði einvörðungu verið bent á að stöðva mætti rekkana með því að ýta á öryggishnappinn sem var í stjórnbordi á enda hvers rekka. Önnur öryggisatriði hafi honum ekki verið kennd.

Með áhættumati á rekkakerfinu hefði einnig verið leitt í ljós að vörnin í öryggisgeislanum er alls ófullnægjandi þegar unnið er í rekkunum á þann hátt sem ætlast var til að starfsmenn O ynnu.

Á meðan eingöngu eru fluttar heilar stæður á vörubrettum (pallettum) í og úr hillum rekkanna þarf starfsmaðurinn aldrei að stíga af lyftaranum og er því ætíð varinn af honum, enn frekar ef það er hús á lyftaranum. Þegar er unnið eins og þarna var gert, plastinu er flett af stæðunum og einn og einn kassi er tekinn úr þeim til þess að afhenda í verslanir, þurfa starfsmennirnir að stíga af lyftaranum og standa þá óvarðir á milli nokkurra mannhæðahárrekkna, sem eru allt að 36 metrar á breidd á þessum uppsetningarstað. Þegar starfsmaðurinn til dæmis snýr baki í stæðuna sem fer af stað er ekkert sem gefur honum hættuna til kynna, hvorki hljóðmerki né blikkandi ljós.

Dómurinn telur því að O hafi ekki uppfyllt skyldu sína samkvæmt 14. gr. laga nr. 46/1980 þar sem segir að atvinnurekandi skuli gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kunni að vera bundin við starf þeirra. Samkvæmt ákvæðinu skal hann enn fremur sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hætta af.

Dómurinn telur jafnframt að hefði fyrirtækið uppfyllt skyldu sína samkvæmt þessu ákvæði hefði verið hægt að koma í veg fyrir slysið með fyrirbyggjandi verklagsreglum, t.d. svipuðum þeim sem teknar voru upp í kjölfar slyssins.

Stefndi vísar til þess að starfsmenn O hafi ekki séð fyrir að hætta gæti stafað af rekkakerfinu. Dómurinn telur þau rök einkum sýna að fyrirtækið hafi ekki rækt hlutverk sitt samkvæmt lögum nr. 46/2008 af þeirri árvekni sem lögin gera ráð fyrir, sbr. 65. gr., 65. gr. a, 66. gr. og 66. gr. a í lögnum.

Að mati dómsins er augljós hætta af svo stórum og þungum búnaði. Auk þess á með áhættumatinu að greina þá áhættu sem getur verið til staðar í fyrirtæki, sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 920/2006. Dómurinn telur að áhættumat hefði einmitt sýnt hversu hættulegur þessi hreyfanlegi búnaður er í reynd.

Fyrirtækinu, notanda búnaðarins, nægir ekki vísa til þess að frekari öryggisbúnaður hafi ekki fylgt eða að það viti ekki betur en að hann fáist ekki. Slysið sýnir að varnirnar voru ónógar. Þannig á vinnustaður ekki að vera úr garði gerður, sbr. 42. gr. laga nr. 46/2008.

III

Vitnið D bar að fjarstýring til þess að senda rekkastæðunum skipun hefði verið til en starfsmenn hefðu ekki notað hana. Hann taldi að hún hefði verið geymd í lyftaranum. Ekkert liggur fyrir um það hvar fjarstýringin var þennan dag.

Hugbúnaðurinn sem stýrir færslum rekkanna fram og til baka ætti að skrá öll boð sem stýribúnaðinum eru send. Tæknifólk O hefði átt að afrita slíka ferilskrá (skipanaskrá/log-skrá) til þess að komast mætti að því hvort stýribúnaðurinn hefði til dæmis fengið boð úr fjarstýringunni og farið af þeim sökum af stað. Það var ekki gert. Burtséð frá þessari skrá yfir þær skipanir sem stýribúnaðinum hafa verið gefnar verður ekki útilokað að rekkinn hafi farið af stað vegna þess að stýribúnaðurinn hafi fengið boð frá fjarstýringunni eða hugsanlega frá annarri fjarstýringu eða búnaði í húsinu á sama tíðnisviði. Dómurinn telur því ekki unnt að fullyrða að stjórnbúnaðurinn hafi verið bilaður.

IV

Stefndi vísar til þess að tækið hafi verið CE-merkt. Slík merking gefi til kynna að framleiðandi eða dreifingaraðili merktis tækis ábyrgist að það uppfylli þær grunnkröfur um öryggi og almennt heilbrigði sem tilskipanir ESB kveða á um.

Þótt merkingin sé góð vísbending um það að búnaður uppfylli skilyrði leysir hún notandann ekki undan því að tryggja að CE-merking búnaðarins haldi gildi sínu þrátt fyrir stöðuga notkun. Eins og fram er komið þarf búnaðurinn í fyrsta lagi að vera settur upp í samræmi við forskrift framleiðandans. Jafnframt hefði að réttu lagi átt að fara fram sérstök úttekt á búnaðinum þegar O tóku hann í notkun, sbr. 29. gr. laga nr. 46/1980. Framleiðandinn þekkir ekki notkunaraskilyrði á notkunarstað. Þar geta því verið einhverjir þættir sem valda því að ekki má reiða sig alfarið á gildi CE-merkingarinnar.

Í öðru lagi þurfa slík tæki, eins og önnur, rétt viðhald. Reglur um CE-merkingar eru jafnframt þannig að noti menn vélarnar ekki eins og framleiðandinn ætlast til geta menn síður reitt sig á gildi merkingarinnar. Vitnið D bar að til þess að flýta fyrir sér hafi starfsmennirnir ýtt á neyðarhnappinn þegar rekkakerfið var í miðri færslu. Þá hafi tveir gangar verið opnir til hálfv samtímis og hægt að tína vörur úr hillum beggja. Þessi vinnubrögð eru óheimil, sbr. grein 4.1.1.2 í staðli IST EN 13850:2008, (Öryggi véla – Neyðarstöðvunarbúnaður – Meginreglur um hönnun) og grein 3.40 í staðli IST EN 12100:2010, (Öryggi véla - Almennar grunnreglur um hönnun, áhættumat og áhættuminnkun). Neyðarstöðvunarbúnaði er eingöngu ætlað að hindra eða draga úr hættu á slysi eða tjóni, og hefur það væntanlega komið fram í gögnum frá framleiðandanum.

Það eitt að búnaður sé CE-merktur getur ekki leyst notanda búnaðar undan ábyrgð á tjóni sem hlýst af búnaðinum.

V

Eins og komið er fram er eiginleg orsök slyssins, hvað olli því að rekkastæðan rann af stað, óútskýrð. Þótt enginn hafi gert ráð fyrir slíkum atburði þýðir það ekki að menn geti varpað af sér ábyrgð þegar hann gerist. Á honum verður að leita skýringa því með öðru móti verður ekki komið í veg fyrir að hann gerist aftur af sömu orsökum.

Við aðalmeðferð kom fram að starfsmennirnir hafi lagt mikla áherslu á að koma vörum sem hraðast í verslanirnar. Það var því afar óæskilegt fyrir þá þjónustu sem O veita að geta ekki sótt vörur í frystigeymsluna á meðan Vinnueftirlitið dró að koma á staðinn.

Að mati dómsins er það hins vegar grafalvarlegt atvik þegar þungt tæki sem þetta, sem á ekki að hreyfast nema gefin sé skipun um það, fer af stað án nokkurrar skýringar. Þar með er staðreynt að búnaðurinn sem átti, að því er menn töldu, ekki að hreyfast nema einhver ýtti á takka, er stórhættulegur slysavaldur. Hann er það jafnvel þótt menn hafi í fyrstu talið að tjón stefnanda yrði ekki varanlegt. Fyrirsvarsmenn O, sem bera ábyrgð á því að starfsmönnum þeirra stafi ekki hætta af þeim búnaði sem þeir vinna við, hlutu að leita skýringa á þessu hjá innflytjanda tækjanna og ef með þurfti bar honum að leita skýringa hjá framleiðandanum.

Þegar Vinnueftirlitið krefst þess, *eða þegar aðstæður gefa tilefni til*, skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir, athuganir, mælingar, þrýstiraunir og aðrar þær kannanir sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um að viðkomandi búnaður standist þær kröfur, sem gerðar eru varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 4. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1980.

Þetta atvik veitti stjórnendum O fyllilega nægilegt tilefni til að láta innflytjandann taka út stjórnþúnað rekkakerfisins til þess að komast að því hvað hefði farið þar úrskeiðis.

O gátu ekki heldur látið sér það í léttu rúmi liggja að Vinnueftirlitið kom ekki daginn eftir slysdag og ekki heldur næsta dag. Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. máttu O ekki hrófla við aðstæðum á slysstæð fyrir en starfsmaður Vinnueftirlitsins kæmi á vettvang og bar fyrirtækinu að leggja allt kapp á að fá hann til að rannsaka hillurekkana, stjórnþúnað þeirra og vettvanginn sem allra fyrst.

Að mati dómsins er það jafnframt fljótfærnisleg niðurstaða hjá Vinnueftirlitinu að ljúka rannsókn sinni með því að segja að ekki finnist neinar tæknilegar skýringar á því að rekkarnir fóru af stað, enda er það hlutverk eftirlitsins að koma í veg fyrir að slys endurtaki sig, sbr. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980.

Eftirlitið sætti sig reyndar við að afla upplýsinga um búnaðinn frá starfsmanni O og byggja á lýsingum hans en krafðist þess ekki að fá þær upplýsingar frá framleiðanda sem eiga að fylgja búnaðinum. Þá hefði komið í ljós að einnig mátti gefa stýribúnaðinum skipun með fjarstýringu. Það kynni að hafa haft áhrif á niðurstöðu Vinnueftirlitsins hefði það krafist þess af O að fá að sjá þau gögn sem framleiðandinn lét fylgja rekkakerfinu.

Dómurinn telur að ábyrgðin á því að ekki liggur fyrir af hverju rekkastæðan fór af stað, þegar hún átti að vera kyrrstæð, hvíli á O. Það verður því metið O til sakar að hafa ekki gert gangskör að því að leiða það í ljós, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 151/2017.

Komið er fram að áhættumat hafði ekki verið unnið fyrir rekkastæðuna eins og þó bar að gera. Dómurinn telur að hefði slíkt mat verið unnið hefði komið í ljós að geislavörnin var alls ófullnægjandi sem varúðarráðstöfun miðað við það hvernig O notuðu rekkakerfið. Þar eð áhættumatið vantaði var vinnu-umhverfi starfsmannanna ekki öruggt.

Það er því niðurstaðan að ábyrgðin á tjóni stefnanda hvíli á O. Af þeim sökum ber stefnda að greiða stefnanda bætur úr ábyrgðartryggingu sem O keyptu hjá stefnda. Málsaðila greinir ekki á um fjárhæð bótakröfunnar.

Þar eð dómurinn hefur fallist á kröfur stefnanda verður, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að dæma stefnda til þess að greiða honum málskostnað. Þegar litið er til umfangs málsins þykir málflutningsþóknun, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hæfilega ákveðin 2.000.000 króna.

Stefnanda var, með bréfi innanríkisráðuneytisins 18. október 2016, veitt gjafsókn til þess að reka þetta mál fyrir héraðsdómi. Af þeim sökum verður stefndi dæmdur til þess að greiða ofangreinda fjárhæð

í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin máflutningsþóknun lögmanns hans, greiðist úr ríkissjóði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Árni Jósteinsson vinnuverndarsérfræðingur og Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveða upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., greiði stefnanda, A, 30.557.908 kr. með 4,5% vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, af 4.187.550 kr. frá 14. maí 2012 til 25. ágúst 2014 og af 30.557.908 kr. frá þeim degi til 3. júní 2017, en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 2.000.000 króna í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Málskostnaður stefnanda, 2.000.000 króna, sem er máflutningsþóknun lögmanns hans, Ásmundar Jónssonar lögmanns, greiðist úr ríkissjóði.